



Akureyri

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Umhverfi og útivist.

útivistarsvæði, græni trefillinn, Glerárdalur og Hlíðarfjall, grafreitir í Naustaborgum.

Kynning 14. des 2017

Dr. Bjarki Jóhannesson Sviðsstjóri skipulagssviðs

SVÆÐI MEÐ ÚTIVISTARGILDI

- Opin svæði. Svæði fyrir útivist með stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist notkun svæðis. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.
- Óbyggð svæði. Stærri svæði með útivistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi. Öll svæði sem ekki eru skilgreind með annarri landnotkun eru flokkuð sem óbyggð svæði.
- Skógræktar- og landgræðslusvæði.
- Vötn ár og sjór.
- Strandsvæði.
- Kirkjugarðar og grafreitir?

OPIN SVÆÐI

OP1	Skátagil	Miðbær	Útivistarsvæði.
OP2	Umhverfi innbæjartjarnar	Innbær	Svæði með stígum, áningarstöðum og mannvirkjum vegna útivistar
OP3	Eiðsvöllur	Oddeyri	Skrúðgarður.
OP4	Svæði við Hjalteyrargötu	Oddeyri	Skrúðgarður.
OP5	Hamarkotstún	Norðurbrekka	Skrúðgarður.
OP6	Klapparstígur/ Brekugata	Norðurbrekka	Mylluklöpp, klapparhóll. Útivistarsvæði með gönguleiðum, útsýnisstað, höggmynd og hátíðarsvæði.
OP7	Andapollur	Suðurbrekka	Skrúðgarður.
OP8	Lystigarður	Suðurbrekka	Skrúðgarður og grasagarður.

OPIN SVÆÐI

OP9	Við Miðhúsabraut	Lundahverfi	Jólasveinabrekka.
OP10	Naust og umhverfi	Naustahverfi	Eldra landbúnaðarsvæði.
OP11	Naust og umhverfi	Naustahverfi	Höggmyndagarður.
OP12	Opið svæði við Skarðshlíð	Hlíðarhverfi	Skrúðgarður, Kvenfélagsreitur.
OP13	Svæði Skarðshlíð/ Stekkjahlíð	Hlíðarhverfi	Garður/leiksvæði.
OP14	Svæði vestan Þórssvæðis	Hlíðarhverfi	Klapparhóll.
OP15	Sunnan leikskóla	Síðuhverfi	Gæsluvöllur.
OP16	Við Síðubraut	Síðuhverfi	Leik- og útivistarsvæði.

VÖTN, ÁR OG LÆKIR

V3	Tjarnir í Innbæ	Tvær tjarnir sem orðið hafa til við lagningu Drottningarbrautar.
V4	Tjarnir í Krossanesborgum	Hundatjörn, lítil tjörn á svæði á náttúruminjaskrá. Vinsælt svæði til útivistar.
V5	Tjarnir í Naustaborgum	Lítil tjörn í Naustaflóa, sem er hverfisverndaður.
V7	Glerá	All straumpung á sem rennur í gljúfrum frá Glerárdal niður í uppistöðulón Glerárvirkjunar eldri, og þaðan í byggð til sjávar. Deiliskipulagt að hluta.

MARKMIÐ UM ÚTIVIST



Innbæjartjarnir.

KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR

K2	Naustaborgir	Naustahvefi	Nýr kirkjugarður. <i>Gert er ráð fyrir fjórum aðskildum greftrunarsvæðum, en klappasvæði milli þeirra tengjast opnum svæðum í nágrenninu og geta nýst til útivistar.</i>
----	--------------	-------------	--

Nýr kirkjugarður er staðsettur þarna að ósk kirkjugarðaráðs, og áhersla á að hann tengist útivistarsvæðum.

KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR



Naustaborgir.

STRANDSVÆÐI

ST1	Strandlengja Akureyrar	Öll strandlengjan frá sveitarfélagamörkum að Eyjarfjarðarsveit að sveitarfélagamörkum að Hörgársveit. Deiliskipulagt að hluta.
-----	------------------------	--

Skógræktar- og landgræðslusvæði

SL1	Eyjafjarðarbraut	Innbær	20,0	Trjáræktarsvæði frá Gróðrarstöð inn að Galtalæk.
SL2	Aðalstræti/ Lækjargata	Innbær	10,4	Gömul trjárækt í brekku ofan húsráðar og upp með Lækjargili.
SL3	Hafnarstræti	Innbær	3,3	Gömul trjárækt í brekku ofan húsráðar Hafnarstræti 19-81. <i>Þar sem þessi skógur er mikilvægur til að binda jarðveg og snjó ofan byggðarinnar má ekki fella hann og grisjun skal taka mið af því að hann þjóni áfram þessum tilgangi. Einnig skal viðhalda honum með nýrækt eins og þörf krefur.</i>
SL5	Kjarnaskógur	Ofan byggðar	112,5	Skóglendi með útivistaraðstöðu og gönguleiðum. Deiliskipulagt.

MARKMIÐ UM ÚTIVIST



Kjarnaskógur.

MARKMIÐ UM ÚTIVIST

- **Markmið:** *Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstíðum.*
- **Áhersla:** Styrkja skal aðgengi að upplandi bæjarins, útivistarsvæðum og náttúru án þess að gengið sé á gæði landsins og óspillta náttúru. Mikilvægt er að útivistarsvæði séu fjölbreytt að gerð þannig að allir finni vettvang til útivistar við sitt hæfi.
- **Framkvæmd:** Við umhverfismótun og hönnun gatna, garða, gönguleiða og torga skal tekið mið af veðurfari allra árstíða með það fyrir augum að þau nýtist til útiveru allt árið. Unnið skal að því að tengja byggðina við sjóinn og tryggja gott aðgengi að ströndinni sem og að upplandinu. Tryggja skal aðgengi allra að útivistarsvæðunum. Við þéttingu byggðar skal gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og ósnortna náttúru.

MARKMIÐ UM VISTKERFI

- **Markmið:** *Stuðla skal að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni með verndun margs konar vistkerfa og kjörlendis dýra og plantna.*
- **Áhersla:** Vernda skal merkileg gróðurlendi og vistkerfi með skilgreiningu verndarsvæða og opinna svæða ofan byggðar. Vernda skal náttúruleg gróðurlendi og vistkerfi utan skógræktarsvæða í kraganum, m.a. í Glerárdal, koma í veg fyrir eyðingu sérstæðra og friðlýstra plantna og vinna skal gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Mikilvægt er að staðargróður sé notaður við uppgræðslu. - Tryggja skal fjölbreytni fuglalífs með verndun mikilvægra fæðu- og varpstaða fugla.
- **Framkvæmd:** Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal eftir því sem við á gera grein fyrir gróðurfari og dýralífi og áhrif mismunandi kosta á þá metin. Efla ber kerfisbundna söfnun upplýsinga um einstaka umhverfispætti.

MARKMIÐ UM VISTKERFI



Vistfræðileg fjölbreytni.

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030



FRIÐLÝSING SVÆÐA

- Til að stuðla að markmiðum náttúruverndarlaga getur ráðherra friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi.
- Friðlýst svæði skiptast í eftirfarandi flokka :
- Náttúruvé, óbyggð víðerni, þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd, náttúruminjar í hafi og fólkvangar.

FÓLKVANGAR Á AKUREYRI

- Einu friðlýstu svæðin innan Akureyrar eru fólkvangar.
- *Krossanesborgir* voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2005. Markmiðið er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.
- *Glerárdalur* var friðlýstur sem fólkvangur 2016. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni og breytilegar jarðmyndanir.

FÓLKVANGAR Á AKUREYRI



Krossanesborgir

FÓLKVANGAR Á AKUREYRI



Glerárdalur.

FÓLKVANGAR Á AKUREYRI



Glerárdalur.

NÁTTÚRUMINJASKRÁ

- Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta:
- 1. A-hluti: Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum, sbr. VIII. kafla og 54. og 55. gr. og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir, sbr. 58. gr.
- 2. B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.
- 3. C-hluti: Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Óheimilt er að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

SVÆÐI Á NÁTTÚRMINJASKRÁ Á AKUREYRI

- Engin svæði á Akureyri tilheyra A- eða B-hluta.
- *Svæði á náttúruminjaskrá C-hluti:*
- *Glerárgil*, milli Hlíðarbrautar og Borgarbrautar.
- *Glerárgil*, frá Borgarbraut að Bandagerðisbrú. Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.
- *Hólmarnir*, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahreppur). Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

- Hverfisvernduð svæði á akureyri.
- *HV1 Langimelur.* Hlykkjóttur malarvegur vestan og norðan Giljahverfis, stærð 2,9 ha. - Jarðrask og efnistaka er með öllu óheimil.
- *HV2 Hlíðarfjall.* Afmörkun miðast við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, verndarsvæði vatnsbóla og hæfileg jaðarsvæði.
- *HV3 Naustaflói.* Breiður og flatur flói og í honum dálítill tjörn, Hundatjörn. Hún er nú algróin fergini og stórstörum en þar vex einnig talsvert af blöðrunykru og er þar e.t.v. eini vaxtarstaður hennar í Eyjafirði. Búið er að stífla flóann og unnið er að endurheimt votlendis. - Allt jarðrask og röskun á gróðurlendi óheimil. Framræsluskurðum á svæðinu hefur verið lokað.
- *HV4 Sílabás* Strandlengjan við Sílabás er eina ósnortna strandlengjan á Akureyri. - Allt jarðrask og röskun á strandsvæðinu er óheimil.